

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 974

Dagsetning: 21. febrúar 2023 klukkan 9:00

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Óskar Reykdalsson, Guðlaug Unnur Þorsteinsdóttir, Jónas Guðmundsson, Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir í gegnum fjarfundarbúnað, Sigríður Dóra Magnúsdóttir, Svava Kristín Þorkelsdóttir og Brjánn Jónasson, sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Lilja Björk Kristinsdóttir, teymisstjóri gagnateymis HH, kom inn á fundinn undir lið 4.

I. Efni til kynningar

1. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

2. Notendaráð í heilbrigðisþjónustu

Farið yfir hlutverk og starfsemi notendaráðs í heilbrigðisþjónustu, sem gætir hagmuna sjúklinga á landsvísu.

3. Island.is og HH

Rætt um mögulegt samstarf við island.is og Stafrænt Ísland.

4. Atvikaskráning í heilbrigðiskerfinu

Lilja Björk Kristinsdóttir, teymisstjóri gagnateymis HH, kom á fundinn til að kynna stöðuna á atvikaskráningarkerfi embættis landlæknis, Datix.

II. Efni til Umræðu

5. Sálfræðiþjónusta

Umræður um samþættingu sálfræðiþjónustu við aðra þjónustu heilsugæslustöðva og uppbyggingu þjónustu í Heilsubrú.

6. Geðheilsuteymi

Fjallað um mönnun Geðheilsuteymis fangelsa, stöðuna hjá ADHD-teyminu og samning við Janus.

7. Stuðnings- og ráðgjafateymi

Umræður um þjónustu stuðnings- og ráðgjafateymis á síðasta ári og hvort styrkja þurfi teymið. Ákveðið að ræða á sérstökum fundi.

8. Heilbrigðisskoðun innflytjenda

Rætt um stöðuna hjá Heilbrigðisskoðun innflytjenda.

9. Stofnun ársins

Rætt um niðurstöðu könnunarinnar Stofnun ársins og hvernig nota meg niðurstöðurnar. Ákveðið að ræða á sérstökum fundi.

III. Efni til afgreiðslu

10. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 14. febrúar 2023 rædd.

Niðurstaða: Fundargerðin samþykkt án athugasemda.

11. Tímabundnar álagsgreiðslur

Fjallað um álagsgreiðslur fyrir starfsfólks.

Niðurstaða: Útfærslan á álagsgreiðslum ákveðin.

12. Starfsmannamál

Rætt hvort kaupa eigi páskaegg fyrir starfsfólk.

Niðurstaða: Ákveðið að kaupa páskaegg. Framkvæmdastjóra sviðs mannauðs og nýliðunar og samskiptastjóra falið að útfæra.

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 11:54